

# Fræðaveggur, fréttir og gæluverkefni

Ölduselsskóli

Skólaárið 2021 – 2022



Verkefnisstjóri: Eygló Guðmundsdóttir

Númer samnings: UMS-172

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnis var að vinna markvisst með lykilhæfni Aðalnámskrár og auka áhuga á læsi og læsistengdum verkefnum. Því var ætlað að ná með markvisst vinnu með viðfangsefni sem væru hvetjandi og hæfðu áhugasviði hvers og eins, eins konar „gæluverkefnum“. Markmiðið var að nemendur yrðu virkir í sinni eigin þekkingarleit og hefðu áhrif á nám sitt og þau viðfangsefni sem tekin væru fyrir. Nemendur tæku þátt í að deila því sem þeir fræðast um með öðrum og komi því á framfæri við foreldra og samnemendur í m.a. útgáfuteitum og á fræðavegg. Nemendur yrðu meðvitaðir um starfið í skólanum og deildu sem fréttum vikunnar sem aðgengilegar væru á heimasíðu skólans.

## Leiðir sem voru valdar til að ná markmiði

Verkefnið byggði á vinnu kennara með nemendum að áhugaverðum læsi og læsistengdum verkefnum. Kennarar kynntu verkefnið fyrir nemendum og höfðu það að markmiði að verkefnið ætti að vera áhugavert og fræðandi.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Ölduselsskóli fékk úthlutað hluta þeirrar upphæðar sem sótt var um og því var dregið úr umfangi verkefnisins. Lögð var áhersla á að efla áhuga á læsi og læsistengdum verkefnum með því að allir árgangar lögðu fram efni á Fræðavegg skólans.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins voru þær skorður sem komu upp vegna Covid 19 faraldursins. Mikið var um sóttkví og veikindi hjá bæði starfsfólki og nemendum sem setti mark sitt á alla starfsemi skólans stóran hluta skólaársins.

## Mat á verkefninu

Verkefnið var mjög áhugavert og fræðandi. Nemendur skólans fengu margvíslega fræðslu um áhugaverð efni sem án ef var til þess að þau leituðu sér frekari upplýsinga. Verkefnið varð ekki eins stórt og viðamikilið og áætlanir voru um í byrjun en nemendur nutu samt sem áður góðs af og þekkingin mun á efa nýtast þeim í framtíðinni.

## Niðurstöður verkefnisins

Nemendur fengu áhugaverða kennslu um fjölbreytileg viðfangsefni, fengu að einhverju leyti að velja sér viðfangsefni sem vöktu áhuga þeirra. Vinna í verkefni sem þessu mun vafalaust auka áhuga og hvetja nemendur til að auka færni sína í lestri, bæta málskilning og þar með lesskilning sem aftur eykur ánægju af lestri sem er færni sem nýtist nemendum til framtíðar.

## Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Helstu niðurstöður verkefnisins var það fræðiefni sem nemendur unnu með og sýndu á Fræðavegg skólans í hverjum mánuði. Hver árgangur sá um efnisöflun á Fræðavegginn í hverjum mánuði og allir kennarar og nemendur skólans voru hvattir til að koma við og kynna sér það efni sem lagt var fram hverju sinni.



*Una Jóhannesdóttir*

Una Jóhannesdóttir, skólastjóri

*Eygló Guðmundsdóttir*

Eygló Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri